

**Fundargerð fjórða fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mánudaginn 16. desember 2013.**

Mættir: Halldór Runólfsson, Jón Geir Pétursson, Stefán Stefánsson, Elvar K. Valsson í forföllum Sveins Þorgrímssonar og Hólmfríður Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 11.15 og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var dreift á fundinum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Skipting fjármuna

Umræður um skiptingu fjármuna á milli NordBio verkefna. Einróma samþykkt að Biophilia fái 2,8 MDKK árið 2014.

3. Upphafsfundur 5. febrúar 2014

Rædd voru drög að dagskrá upphafsfundar (kick-off) NordBio áætlunar sem send voru til fundarmanna 11. desember sl. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 5. febrúar n.k. Til fundarins verður boðið fulltrúum frá þeim fimm EK-nefndum sem tengjast NordBio (EK-FJLS, -NER, -M, -U og -K), fulltrúum frá norrænum stofnunum sem mögulega munu taka þátt í áætluninni (t.d. Nordregio, Nordisk Innovation, NordForsk, NordGen og Nordisk Energiforskning) og fulltrúum frá stofnunum og ráðuneytum sem munu taka þátt í einstökum verkefnum innan áætlunarinnar.

Verkefnisstjóra falið að vinna áfram með drögin og senda fundarmönnum í vikunni. Í framhaldinu verður sent út fundarboð.

4. Næsti fundur

Halldór, Jón Geir og Hólmfríður funda þriðjudaginn 17. desember til að ræða ábendingar og fyrirspurnir sem komið hafa frá hinum Norðurlöndunum í „hörings-ferli“ stofnskjalsins. Næsti fundur verkefnisstjórnar verður í byrjun janúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.20